

Nr. 097 / 11 Dettifoss***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. maí 2011 var Dettifoss við bryggju í Reykjavík.

Skipverji var að vinna við sjóbúning þegar hann missti sjóbúningsþvingu ofan á rist vinstri fótar með þeim afleiðingum að hann varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að sjóbúningsþvingan er u.þ.b. 10 kg og taldi slasaði að hún hefði fallið um einn metra. Hann kvaðst hafa verið búinn að stilla henni upp í sjóbúningsstöng og ætlað að setja aðra stöng í hana þegar hann missti þvinguna en við það féll hún lóðrétt niður á fót hans. Fram kom hjá honum að hreyfing hefði verið á skipinu við bryggjuna;
- að slasaði var í öryggisskóm en þvingan lenti fyrir ofan stálið í skónum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.